



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: Skipulag á fagskrifstofum velferðarsviðs

Lagt er til að velferðarráð samþykki nánari útfærslu á þeim skipulagsbreytingum sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs 8. júní sl. og í borgarráði 10 júní sl., eins og að neðan er lýst. Kostnaði vegna breytinganna verður mætt með tilfærslu verkefna og fjárheimilda innan velferðarsviðs. Á skrifstofu velferðarsviðs verði eftirfarandi breytingar á fagskrifstofum:

1. Á skrifstofu ráðgjafarþjónustu verða eftirfarandi breytingar:
 - a. Innan skrifstofunnar verða starfræktar tvær deildir þ.e. deild barna og fjölskyldumála og deild virkni og ráðgjafamála. Auk þess verður verkefni úthlutunarteymis húsnæðismála eitt af verkefnum skrifstofunnar.
 - b. Að auki verði skrifstofunni falið að halda utan um verkefni þriggja sérhæfðra teyma sem starfa þvert á þjónustumiðstöðvar þ.e. Farsæld barna, Keðjan og Virknihús.
 - c. Tvö stöðugildi ráðgjafa sem starfað hafa með rafrænu þjónustuteymi verða færð í Rafræna þjónustumiðstöð.
2. Á skrifstofu málefna fatlaðs fólks verða eftirfarandi breytingar:
 - a. Vettvangsgeðteymi, samstarfsverkefni velferðarsviðs og Landspítala, verður fært undir skrifstofu málefna fatlaðs fólks. Í vettvangsgeðteymi eru tveir starfsmenn sem verða áfram staðsettir á þjónustumiðstöð.
 - b. Vinnu- og virknimiðuð stoðþjónusta, Gylfaflöt, Iðjuberg, Arnarbakki og Völvufell, verða færð undir skrifstofuna tímabundið. Markmiðið er að fara í þriggja ára umbótavinnu varðandi skipulag.
3. Á skrifstofu öldrunarmála verða eftirfarandi breytingar:
 - a. Framleiðslueldhús sem nú tilheyrir þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða mun tímabundið heyra undir skrifstofu öldrunarmála meðan á umbreytingarverkefni stendur.
 - b. Þjónustuíbúðir að Lindargötu, Dalbraut, Furugerði, Norðurbrún og Lönguhlíð munu tímabundið heyra undir skrifstofu öldrunarmála meðan unnið verður að þróun úrræðisins.

4. Öldrunarráðgjöf verður skilgreind sem eitt af sérhæfðu teymunum sem starfa þvert á borgina og verður staðsett á þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis.

Greinargerð:

Með tillögu sem samþykkt var í velferðarráði 8. júní og borgarráði 10. júní sl. var ákveðið að efla hlutverk fagskrifstofa velferðarsviðs. Boðað var að tillögur að slíku fyrirkomulagi yrðu lagðar fyrir velferðarráð síðar á árinu.


Tilgangur breytinganna er að efla hlutverk fagskrifstofa velferðarsviðs á sviðum málefna fatlaðs fólks, málefna aldraðra og á sviði virkni og ráðgjafar ásamt barna og fjölskyldumálum með það að markmiði að auka gæðastýringu, samhæfingu í þjónustu og eftirlit með þjónustuveitingu auk hefðbundinna verkefna fagskrifstofa. Jafnframt eiga skrifstofustjórar fagskrifstofa að hafa það hlutverk að vera faglegir leiðtogar, hver á sínu sviði. Skrifstofunar skulu hafa skýrt umboð til eftirlits með framkvæmd þjónustu á sínu fagsviði. Hlutverk fagskrifstofa er jafnframt að taka þátt í undirbúningi stefnumótunar, innleiðingu og eftirfylgni stefna í þeim málaflokkum sem skrifstofurnar bera ábyrgð á auk þess að taka virkan þátt í innleiðingu velferðarstefnu Reykjavíkurborgar. Skrifstofurnar annast samráð og samstarf á verksviði velferðarsviðs og byggja upp þekkingu með notendum, hagsmunaaðilum, öðrum sveitarfélögum og ríkisstofnunum vegna málaflokka sinna.

Skrifstofa ráðgjafarþjónustu

Skrifstofa ráðgjafarþjónustu fer með faglega forystu í málefnum barna, fjölskyldna þeirra sem og ráðgjöf, virkni og fjárhagsaðstoð. Hún ber ábyrgð á að þróun og nýsköpun í málaflokkum skrifstofunnar sé í takt við þarfir notenda í samræmi við bestu þekkingu hverju sinni, s.s. með virku samstarfi við notendur auk sérfræðinga innan og utan sviðsins.

Skrifstofan ber ábyrgð á samhæfingu ráðgjafar í þjónustueiningum velferðarsviðs í málefnum barna og fjölskyldna, ráðgjöf, virkni og fjárhagsaðstoð á sviðinu og í samvinnu við þjónustumiðstöðvar. Í því felst að innleiða ný vinnubrögð með áherslu á lágþröskuldapjónustu með það að markmiði að barna og fjölskyldudeildir og virkni og ráðgjafadeildir á þjónustumiðstöðvum veiti börnum, fjölskyldum og einstaklingum ráðgjöf og stuðning eins fljótt og unnt er. Þá er lögð áhersla á forvarnir og að sýna frumkvæði í málefnum barna og fjölskyldna. Starfsfólk skrifstofunnar tryggir yfirsýn yfir laga- og reglugerðarbreytingar og aðra þá þætti sem hafa áhrif á rekstur og starfsemi velferðarsviðs í málaflokknum. Skrifstofan hefur forystu um samráð og samþættingu þjónustu sem veitt er börnum og fjölskyldum þar með talið vegna verkefnisins Betri borg fyrir börn. Helstu verkefni lúta m.a. að:


- Undirbúningi stefnumótunar, vinnslu tillagna og greinargerða fyrir velferðarráð í samráði við sviðsstjóra og skrifstofu stjórnsýslu.
- Forvörnum.
- Heildstæðri og samþættri ráðgjöf og stuðningi til allra barna og fjölskyldna þeirra.
- Þróun úrræða fyrir börn og barnafjölskyldur. Úthlutun í úrræði fyrir börn og barnafjölskyldur (heimili fyrir börn, skammtímadvalir og fl.).
- Virkni og virkniúrræðum.
- Úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis.
- Eftirliti og eftirfylgni með stefnum og áætlunum í málaflokkum skrifstofunnar.
- Gerð samninga og eftirliti við þriðja aðila vegna aðkeyptrar þjónustu.



Skrifstofa öldrunarþjónustu

Skrifstofa öldrunarþjónustu fer með faglega forystu í öldrunarmálum, heimaþjónustu og heimahjúkrun. Hún ber ábyrgð á að þróun og nýsköpun í málaflokkum skrifstofunnar sé í takt við þarfir notenda og í samræmi við bestu þekkingu hverju sinni, s.s. með virku samstarfi við notendur auk sérfræðinga innan og utan sviðsins. Skrifstofan hefur eftirlit með verkefnum á sviði öldrunarmála. Skrifstofan ber ábyrgð á samhæfingu ráðgjafar og veitingu þjónustu í þjónustueiningum velferðarsviðs í málefnum eldri borgara og þeirra sem þiggja heimaþjónustu og heimahjúkrun í samvinnu við þjónustumiðstöðvar. Starfsfólk skrifstofunnar tryggir yfirsýn yfir laga- og reglugerðarbreytingar og aðra þá þætti sem hafa áhrif á rekstur og starfsemi velferðarsviðs í málaflokknum. Skrifstofan hefur forystu um að öldrunarþjónusta sem veitt er af velferðarsviði styðji við þau markmið að eldri íbúar geti búið sem lengst öryggir á heimilum sínum. Helstu verkefni lúta m.a. að:

- Undirbúningi stefnumótunar, vinnslu tillagna og greinagerða fyrir velferðarráð í samráði við sviðsstjóra og skrifstofu stjórnsýslu.
- Samþættingu heimaþjónustu og heimahjúkrunar velferðarsviðs sem veitt er á heimilum einstaklinga.
- Þjónustusamningi Reykjavíkurborgar og Sjúkratrygginga Íslands um heimahjúkrun og þeirra viðauka sem við hann eru gerðir.
- Rekstur hjúkrunarheimila og dagdvala á vegum Reykjavíkurborgar.
- Rekstur og þróun velferðartæknismiðju og þróun stafrænna lausna í þágu eldri borgara.
- Gerð og eftirliti með þjónustuhluta almennra og sértækra samninga sem gerðir eru við þriðja aðila vegna rekstrar hjúkrunarheimila og dagdvala.
- Úthlutunum í þjónustuíbúðir.
- Þróun húsnaðismála í málaflokki eldri borgara þar á meðal uppbyggingu hjúkrunarheimila í Reykjavík.
- Samskiptum milli velferðarsviðs og öldungaráðs Reykjavíkur.
- Forvarnamálum á verkswiði skrifstofunnar.




Skrifstofa málefna fatlaðs fólks

Skrifstofa málefna fatlaðs fólks fer með faglega forystu í málefnum fullorðins fatlaðs fólks. Hún ber ábyrgð á að þróun og nýsköpun í málaflokkum skrifstofunnar sé í takt við þarfir notenda í samræmi við bestu þekkingu hverju sinni, s.s. með virku samstarfi við notendur, hagsmunasamtök fatlaðs fólks auk sérfræðinga innan og utan sviðsins.

Hlutverk skrifstofunnar auk hefðbundinna stjórnsýsluverkefna felst í eftirliti með veittri þjónustu velferðarsviðs, samhæfingu í ráðgjöf og þjónustu við fatlað fólk, þar með talið í búsetuþjónustu. Þá hefur skrifstofan veigamikið hlutverk varðandi gæðastýringu í málaflokknum, þar með talið samstarf við teymi árangurs og gæðamats vegna kröfulýsinga í úrræðum fyrir fatlað fólk. Starfsfólk skrifstofunnar tryggir yfirsýn yfir laga- og reglugerðarbreytingar og aðra þá þætti sem hafa áhrif á rekstur og starfsemi velferðarsviðs í málaflokknum. Skrifstofan hefur forystu um að sú þjónusta sem velferðarsvið veitir fötluðu fólki styðji við lög, reglugerðir, regluverk og stefnu borgarinnar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum. Helstu verkefni skrifstofunnar lúta að:

- Undirbúningi stefnumótunar, vinnslu tillagna og greinagerða fyrir velferðarráð í samráði við sviðsstjóra og skrifstofu stjórnsýslu.
- Þjónustusamningum við þriðja aðila, s.s. Ás styrktarfélag, Blindrafélagið og Ásgarð.
- Þróun og nýsköpun í málaflokki fatlaðs fólks í samræmi við bestu þekkingu hverju sinn jafnt innalands sem erlendis.
- Samráði við hlutaðeigandi hagsmunaaðila á verksviði skrifstofunnar, svo sem ÖBÍ, Þroskahjálp, Geðhjálp og samstarfsstofnanir.
- Heildstæðri þróun húsnæðismála og búsetuþjónustu í málaflokki fatlaðs fólks samhliða eftirfylgd uppbyggingaráætlunar húsnæðis fyrir fatlað fólk.
- Úthlutun húsnæðis fyrir fatlað fólk.
- Úthlutun NPA samninga.
- Samhæfingu ráðgjafar við fatlað fólk.
- Samhæfingu stuðnings- og stoðþjónustu sem veitt er fullorðnu fötluðu fólki.
- Samskiptum velferðarsviðs við Aðgengis- og samráðsnefnd borgarinnar.

- Virku eftirliti með framkvæmd málaflokka sem falla undir skrifstofu málefna fatlaðs fólks og setningu gæðaviðmiða um þjónustu.



Fylgiskjöl:

1. Skipurit velferðarsviðs
2. Skipurit þjónustumiðstöðva

